Alþýðusamband Íslands

# Tillögur um breytingar á lögum ASÍ

**Fjölgun varaforseta ASÍ**

**a. 4.mgr. 33.gr. breytist og hljóði svo:**

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að á sambandsþingi skulu forseti, fyrsti, ~~og~~ annar og þriðji varaforseti kosin sérstaklega og ellefu~~tólf~~ meðstjórnendur. Þessi mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

**b. 8. mgr. 33.gr. breytist og hljóði svo:**

Forfallist forseti eða varaforsetar svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna en ella gegnir fyrsti varaforseti störfum forseta í forföllum hans, annar varaforseti í forföllum fyrsta varaforseta og þriðji varaforseti í forföllum annars varaforseta.